



Sjávarlíftækniatrið BioPol og Sýndarveruleiki fengu hæstu styrkina Styrkir Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra fyrir 2021

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra auglýsti í október eftir umsóknum á sviði menningar og atvinnuþróunar og nýsköpunar fyrir árið 2021, með umsóknarfresti til 16. nóvember. Alls bárust 123 umsóknir þar sem óskað var eftir 228 milljónum króna.

Við tók yfirferð úthlutunarnefndar og fagráða sjóðsins og lauk því 22. desember sl. er niðurstöður voru sendar til umsækjenda.

Alls fengu 69 umsóknir brautargengi samtals að upphæð rúmar 75 milljónir. Á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar fengu 28 umsóknir styrk samtals að upphæð rúmar 37 millj. kr. og á sviði menningar var samþykkt að styrkja 41 umsókn með rúmum 38 millj. kr.

Vegna covid-19 verðu ekki haldin úthlutunarhátíð að þessu sinni.

Fjármagn Uppbyggingarsjóðsins er hluti af samningi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra við stjórnvöld um framkvæmd Sóknaráætlunar Norðurlands vestra 2020-2024.

Styrkhafar eru (í stafrófsröð):

Aðalheiður S. Böðvarsdóttir - Fjarvinnusetur að Reykjaskóla í Hrútafirði - 715.000 kr.

Markmið verkefnisins er að koma á fót fjarvinnustofu í húsnæði fyrrum Barnaskóla Staðarhepps á Reykjum í Hrútafirði og bæta þannig aðstöðu og möguleika fólks af svæðinu til að stunda fjarvinnu og tengjast öðrum sem eru í sömu sporum. Covid-19 krísan hefur sýnt fram á með afgerandi hætti að fjölmörg störf er nú hægt að vinna í fjarvinnu. Í þessu felast gífurleg tækifæri fyrir hinar dreifðu byggðir til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu, laða að opinber störf og styrkja búsetu.

Árni Rúnar Örvarsson - Verðmætaaukning íslensks æðardúns - 1.116.000 kr.

Markmið verkefnisins er að auka verðmæti íslensks æðardúns með því að framleiða nýjar og áður óséðar vörur úr æðardúni en einnig að skapa störf á Norðurlandi vestra.

Barnamenningarhátíð Norðurlands vestra - Skúnaskrall 2021 - 2.300.000 kr.

Barnamenningarhátíð verður haldin á Norðurlandi vestra haustið 2021 þar sem börn og ungmenni fá tækifæri til að skapa og njóta lista í sem víðustu samhengi. Viðburðir verða dreifðir um helstu þéttbýliskjarna svæðisins og börn búsett á svæðinu hvött til að taka þátt, sýna sig og sjá aðra. Meginreglan er að viðburðir verði öllum þátttakendum að kostnaðarlausu.

Blönduósbær - Húnavaka Blönduósi - 400.000 kr.

Markmið Húnavöku er að efla menningarlíf á Blönduósi og fá bæjarbúa og gesti til að taka þátt í öllum þeim viðburðum sem boðið er upp á. Hátíðin er stöðugt að þróast. Með auknum ferðamannastraumi til landsins er einnig vonast til þess að ferðamenn staldri við og upplifi íslenska sveitameningu úti á landi. Íslendingar ferðast einnig mikið um landið yfir sumarmánuðina. Tilgangur Húnavöku er einnig að fá fjölskyldufólk til að stoppa og njóta þess sem við höfum upp á að bjóða.

Blönduóskirkja - Tónleikaröð 2021 í Blönduóskirkju - 400.000 kr.

Markmið verkefnisins er að halda tónleikaröð í Blönduóskirkju á árinu 2021 A.m.k. 4 tónleikar verða haldnir í Blönduóskirkju með tónlistarmönnum víðsvegar af landinu. Eitt af markmiðunum er að koma Blönduóskirkju á framfæri sem ákjósanlegum tónlistarstað á Norðurlandi vestra.



Brjálaða gimbrin ehf - Ærkjöt betri nýting - 1.113.500 kr.

Verkefnið snýr að því að þróa og búa til vörur úr ærkjöti sem því miður er lítið metið af íslenskum neytendum í dag. Með þessari þróunarvinnu er lagt upp með að hámarka nýtingu vara og þar af leiðandi minnka matarsóun með því að vinna úr þeim vöðvum og slögum úr ám sem lítið er notað í dag.

Brjálaða gimbrin ehf - Hæverski hrúturinn - 1.770.000 kr.

Hæverski hrúturinn er smáframleiðandamatarvagn þar sem hægt verður að fá ýmiskonar afurðir, sumar hverjar aðeins í tiltekinn tíma. Vöruframboð ræðst á hverjum tíma af því sem til er hjá Brjáluðu gimbrinni.

Búminjasafnið Lindabæ - Stofn- og rekstrarstyrkur - 600.000 kr.

Búminjasafnið lætur gera upp sjaldgæfar, gamlar dráttarvélar og tæki sem tengjast þeim (t.d. sláttuvélar), sem og ýmsa aðra gamla búmuni. Safnið hefur til sýnis vélar, tæki og tól sem gjörbreyttu heyskaparaðferðum og vinnulagi bænda (t.d. mjaltavélar) á sl. öld. Þannig viðheldur safnið þekkingu á kaflaskilum í sögu landbúnaðar á Íslandi.

Vonast er til að safnið laði fjölbreyttari hóp ferðafólks að Norðurlandi vestra og sé gott innlegg í fjölbreytta menningartengda ferðaþjónustu svæðisins.

Digital horse ehf - Stofn- og rekstrarstyrkur - 700.000 kr.

Markmið verkefnins er að fjölga gestum sýningarinnar Lundinn og vinir hans (Puffin and friends) með því að efla markaðsstarf á netinu, uppfæra reglulega heimasíðu verkefnisins og samfélagsmiðlasíður og bæta upplifun sýningargesta innan dyra.

Embla Dóra Björnsdóttir - Fíflarót - allra meina bót - 967.500 kr.

Öll fíflarót sem notuð er hér á landi er týnd villt eða flutt inn en enginn er að rækta fífla til manneldis hér á landi. Hægt er að nýta alla plöntuna en rótin hefur verið rannsökuð og gefið góða raun, m.a. á krabbameinum, hún er lifrarstyrkjandi og hreinsandi auk þess að bæta meltinguna.

Markaðurinn er stækkandi, bæði hérlendis sem og erlendis, þetta er góð nýting á jarðrými. Sótt er um styrk til að skoða undirbúning á ræktun fífla.

Extis ehf - Vöruþróun - CMS hugbúnaður - 915.000 kr.

Extis ehf er sprotafyrirtæki á sviði hugbúnaðar sem sérhæfir sig í heimasíðugerð, smáforritum, hýsingum og bakendaforritum. Markmið verkefnisins er þróun CMS kerfis sem SaaS verkefni og markaðssetning á því á Norðurlandi vestra. CMS er kerfið sem liggur á bakvið allar síður þar sem eigandinn getur breytt síðunni að vild og er grunnur að því að hægt verði að bjóða upp á faglegar vefsíður fyrir lítinn kostnað á stuttum tíma sem mun koma sér vel fyrir fjölbreytta starfsemi á Norðurlandi vestra.

Extis ehf - Sprotafyrirtæki í markaðssókn - 860.000 kr.

Extis ehf er sprotafyrirtæki á sviði hugbúnaðar sem sérhæfir sig í heimasíðugerð, veflausnum, smáforritum, hýsingum og bakendaforritum.

Hingað til hefur fyrirtækið aðallega sett krafta sína í það að forrita og verkefni fengust helst með meðmælum. Núna þarf að vinna að frekari markaðssetningu á fyrirtækinu á faglegan hátt til að styrkja áframhaldandi starfsemi. Leitað verður eftir ráðgjöf og aðstoð sérfræðinga á því sviði.



Ferðamálasamtök Norðurlands vestra - Markaðssókn með söfnum, setrum o.fl. - 1.450.000 kr.

Markmið verkefnisins er að draga fram fjölbreytileika og einkenni safna, setra og sýninga á Norðurlandi. Það eru ýmsir möguleikar við að kynna betur menningartengda starfsemi svæðisins. Við lok verkefnistíma verður búið að framleiða myndefni, setja upp markmiðað efni til birtingar á miðlum ásamt því að sérkenni svæðisins hefur verið greint með tilliti til markhópa og sérstöðu.

Félag eldri borgara Húnaþingi vestra - Vor- og jólatónleikar 2021 - 300.000 kr.

Kór eldri borgara í Húnaþingi vestra heldur úti öflugum söngstarfi meðal eldri borgara í Húnaþingi vestra og miðlar afrakstrinum til samfélagsins. Helstu verkefni eru æfingar og undirbúningur ásamt tónleikum að vorlagi og fyrir jól á Hvammstanga 2021.

Félag eldri borgara Skagafirði - Sönghópur FEB í Skagafirði - 300.000 kr.

Að halda uppi söngstarfi meðal eldri borgara í Skagafirði og miðla þeim söng til almennings.

GB Trading ehf - Gestastofa sútarans - heimasíða/netverslun - 743.750 kr.

Markmið verkefnisins er að setja upp vefsíðu fyrir Gestastofu sútarans með vefverslun þar sem selja á vörur tengdar sýtun, einkum íslenskar gærur til að byrja með. Jafnframt er síðunni ætlað að styðja við fyrirhugaða opnun á ferðamannastaðnum Gestastofu sútarans á Sauðarkröki. Vefsíða með vefverslun gæti stutt vel við ferðamannastaðinn Gestastofu Sútarans yfir erfiðasta rekstrartímamann hér á okkar "kalda" svæði, þ.e.a.s. vetrartímamann.

Handbendi Brúðuleikhús ehf - Stofn- og rekstrarstyrkur - 1.000.000 kr.

Handbendi er eina atvinnuleikhúsið á Norðurlandi vestra. Helstu verkefni þess eru að framleiða efni til flutnings, bæði lifandi og á öldum ljósvakans, til sýninga innanlands og utan. Handbendi stendur fyrir alþjóðlegu brúðulistahátíðinni Hvammstangi International Puppet Festival, er að reka og þróa Stúdío Handbendi - miðstöð skapandi greina í húsnæði sem fyrirtækið hefur nýverið fest kaup á, auk þess að standa fyrir fjölbreyttu æskulýðsstarfi. 2021 verður ár stafrænnar þróunar hjá Handbendi.

Handbendi Brúðuleikhús ehf - Hvst. International Puppetry Festival 2021 - 1.500.000 kr.

Hvammstangi International Puppetry Festival is a puppetry festival that will be held in Hvammstangi and in the surrounding areas where Icelandic and international puppetry artists offer exhibitions for all ages, workshops and lectures - we will work with local companies, schools, and tourism industry to increase and improve opportunities for cultural tourism, and diversify arts and culture engagement opportunities in the area. The second edition of the festival will be held October 8-10, 2021.

Hátæknisetur Íslands ses - Nýsköpunarklasi í Skagafirði - 500.000 kr.

Markmið verkefnisins er að koma á fót nýsköpunarklasi í Skagafirði til að styðja við og efla það fjölbreytta frumkvöðlastarf sem er í Skagafirði.

Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi ses - Stofn- og rekstrarstyrkur - 1.100.000 kr.

Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að efla faglega starfsemi safnsins og treysta rekstur þess.

Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi ses - Sumarsýning Heimilisiðnaðarsafnsins - 200.000 kr.

Markmið verkefnisins er að gefa íslensku textíllistafólki möguleika á að sýna list sína. Að auka fjölbreytileika á sýningarflóru Heimilisiðnaðarsafnsins. Að skapa umfjöllun um safnið og veita safngestum nýja og fjölbreytta sýn á margskonar handíð og hvernig hægt er að nýta safnkostinn sem uppsprettu hugmynda og nálgun.



Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi ses - Stofutónleikar Heimilisiðnaðarsafnsins - 200.000 kr.

Markmið verkefnisins er að stuðla að fjölbreytni í menningarlífi svæðisins og efla nýsköpun, frumkvæði og mótandi áhrif í menningarlífi fólks, ekki síst á Norðurlandi vestra.

Helga Rós Indriðadóttir - Eyþór og Lindin - 800.000 kr.

Markmið verkefnisins er að tefla saman og skapa vettvang fyrir söngvara í Skagafirði við að móta sviðsetta tónlistardagskrá um tónskáldið Eyþór Stefánsson (1901-1999) og bjóða upp á nýjan viðburð á Sæluviku Skagfirðinga.

Ætlunin er að halda á lofti og heiðra minningu Eyþórs á 120 ára fæðingarársmæli hans en hann hafði mikil áhrif á menningarlíf og sjálfsmynd Skagfirðinga. Auka á dýpt viðburðar og ná fram samlegðaráhrifum þar sem Byggðasafn Skagafirðinga setur upp sýningu á munum Eyþórs sem verður leikmynd viðburðarins.

Helgi Sæmundur Guðmundsson - Norðvestur - 1.000.000 kr.

Markmið verkefnisins er að auka sýnileika ýmissar starfsemi og náttúru á Norðurlandi vestra með viðtölum, myndböndum og birtingu á bæði samfélagsmiðlum sem og á vefsíðunni norðvestur.com. Með því er ætlunin að laða ferðamenn að svæðinu og jafnframt hvetja íbúa svæðisins enn frekar til að skoða og rækta sitt nánasta umhverfi. Norðvestur framleiðir myndefni ætlað til styrkingar Norðurlandi vestra sem áhugaverðum áfangastað til búsetu eða ferðalaga, hvort sem það er náttúru- eða menningartengt.

Helgi Sæmundur Guðmundsson - Hvað syngur? - 400.000 kr.

Markmið verkefnisins Hvað syngur? er fyrst og fremst að skapa atvinnu fyrir tónlistarfólk og skemmtikrafta sem sannarlega hafa fundið fyrir samkomubanninu í kjölfar kórónveirufaraldursins. Markmið verkefnisins er einnig að gefa ungu og upprennandi tónlistarfólki tækifæri og síðast en ekki síst að búa til skemmtilega, áhugaverða, heimilislega og einstaka tónlistarupplifun í notalegu umhverfi í Gránusalnum.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga - Margmiðlunarefni um sögu bæjar - 350.000 kr.

Þann 24. febrúar 2020 tilkynnti Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra að staðfest hefði verið að norðurhluti gamla bæjarhlutans á Sauðárkróki væri nú skilgreindur sem verndarsvæði í byggð. Markmið verkefnisins er að miðla sögu þessa svæðis á nýstárlegan og aðgengilegan hátt sem gæti nýst sem fræðsla og afþreying fyrir íbúa, nemendur og ferðamenn. Með þessu móti vill safnið ná til fólks utan veggja safnsins og miðla þeim fróðleik sem þegar er búið að safna.

Hólmfríður Dóra Sigurðardóttir - Þórdís - fyrsti Húnvetningurinn - 200.000 kr.

Markmið verkefnisins er málverkasýning þar sem hópur listamanna tekur fyrir sama atburðinn í Vatnsdælu. Það er fæðing fyrsta innfædda Húnvetningsins, Þórdísar dóttur Ingimundar gamla, sem fæddist á sléttunni sunnan við Vatnsdalshóla á Hörpu 895. Listamennirnir munu vinna verkin heima hjá sér og koma með á staðinn.

Ingveldur Ása Konráðsdóttir - Hólakot - 820.000 kr.

Markmið verkefnisins er að koma á fót hundahótel og þjálfun fyrir hunda. Með góðri markaðssetningu verður hægt að skapa eitt heilsársstarf og vonir standa til að með auknum umsvifum verði hægt að ráða annan starfsmann til.



Jóhann Eymundur Rögnvaldsson - Gestastofa á Hrauni - 540.000 kr.

Gestastofan á að skjóta styrkari stoðum undir búsetu og afkomu ábúenda á Hrauni með því að nýta aðstæður og kunnáttu heimafólks til fræðslu og upplifunar handa gestum (skólahópum) um búsetu og menningu við ysta haf, nýtingu strandhlunninda, samvinnu og samspil við náttúru og auka þannig skilning almennings á hvers vegna ábúendur kjósa sér þennan starfsvettvang. Auka á verðmætasköpun æðardúnsins með frekari fullvinnslu hans, móttöku ferðamanna, sölu á veitingum, veiðileyfum og heimaunnum afurðum.

Kakalaskáli ehf - Stofn- og rekstrarstyrkur - 2.200.000 kr.

Markmið verkefnisins er að vera áhugaverður áfangastaður er miðlar sögu Sturlungaaldar (13. aldar) í gegnum sögu- og listasýningu með hljóðleiðsögn, með kastljósi á sögu Þórðar kakala. Einnig að kynna útilistaverk í nágrenninu sem sviðsetur Haugsnesbardaga 1246. Kakalaskáli er í góðu samstarfi við félagið Á Sturlungaslóð og er ætlað að vera góð viðbót við menningarflórana í Skagafirði og að styðja við aðra áfangastaði.

Karлакórinn Heimir - Tónleikahald og útgáfa 2021 - 400.000 kr.

Verkefnið felst í fyrsta lagi í tónleikahaldi Karlakórsins Heimis á árinu 2021 ásamt undirbúningi og æfingum fyrir skipulagða tónleika kórsins á Norðurlandi vestra. Í öðru lagi er um að ræða útgáfustarfsemi, annars vegar á geisladisk með ýmsum tónleikaupptökum sem kórinn á í fórum sínum, hins vegar verður eldri vinylplötum kórsins komið á stafrænt form og inn á streymisveitur.

Karлакórinn Lóuprælar - Vor- og jólatónleikar 2021 - 400.000 kr.

Markmiðið er að viðhalda íslenskri karlakóramenningu og um leið fjölbreytni í menningarlífi á Norðurlandi vestra og víðar. Markmiðið er jafnframt að efla starf kórsins og styrkja framtíð hans.

Karólína Elísabetardóttir - Hvammshlíðarostur - 1.169.150 kr.

Markmið Hvammshlíðarostsins er að víkka brauðostaúrvalið og að auka bæði bragðupplifun neytenda og meðvitund um fjársjóð hreinna afurða sem Ísland hefur upp á að bjóða - í staðinn fyrir innfluttan ost. Sérstaða verkefnisins er handgerður ostur úr lítilli ostavinnslu í miðri náttúru úr alíslenskum hráefnum sem er framleiddur á óvenju hagstæðan hátt - sem skapar þekkingu og verðmæti og getur á sama tíma veitt innblástur fyrir aðra tilvonandi smáframleiðendur.

Kvennakórinn Sóldís - Konur - 400.000 kr.

Kórinn ætlar að æfa upp dagskrá tileinkaða konum. Kórinn mun halda sína árlegu tónleika þann 21. febrúar 2021 í Menningarhúsinu Miðgarði. Í framhaldi á því mun kórinn halda tónleika á Sauðárkróki og um nágrennahéruð, sem og í Reykjavík. Stuðla á að góðri og faglegri kórmenningu í Skagafirði og nærsveitum meðal annars með því að þjálfar konur í að syngja, fá inn nýjar konur og vera partur af menningarhefð á Norðurlandi vestra.

Lárus Ægir Guðmundsson - Kaupmennirnir á Skagaströnd 1586-2020 - 350.000 kr.

Umsækjandi er höfundur væntanlegrar bókar. Teknar eru saman fyrstu heimildir um verslun á Skagaströnd en fyrst er vitað um hana árið 1586 og greint frá heimildum til 1602. Síðan er sagan rakin áfram með Einokunarversluninni 1602 - 1787, Frfhöndluninni 1787 - 1855, kaupmönnunum 1855 - 1896. Þá er greint frá þætti Samvinnufélaganna frá 1896 til 2000 og samhliða greint frá rekstri sjálfstæðra kaupmanna allt til dagsins í dag en þeir voru fjölmargir, einkum á fyrri hluta 20. aldar.



Léttitækni ehf - Norðurplast - 1.000.000 kr.

Markmið með verkefninu er að gera viðskipta- og rekstraráætlun fyrir fyrirtæki sem mun endurvinnna rúlluplast og fullvinna úr því viðarlíki sem hægt er að nota til dæmis sem dekk á sólpalla, klæðningar og annað slíkt. Staðsetning verksmiðju myndi verða á Norðurlandi vestra ef áætlanir ganga upp.

Maður og kona ehf - Shoplifter í Hrótey (vinnuheiti) - 2.250.000 kr.

Hrafnhildur Arnardóttir / Shoplifter sýnir glænýtt verk í Hrótey. Þetta er í fyrsta sinn sem listakonan, sem var fulltrúi Íslands á síðasta Feneyjatvíæringi og hefur sýnt verk sín um allan heim, sýnir textílverk sín undir berum himni. Það á einkar vel við því Blönduós hefur markað sér sérstöðu sem miðstöð íslenskrar textílmenningar. Umsjón verður í höndum Áslaugar Thorlacius og Finns Arnars Arnarsonar sem hafa verið að byggja upp menningarstarfsemi á bænum Kleifum við góðar undirtektir.

Magnús Björn Jónsson - Eins og rúllandi steinn - 350.000 kr.

Markmið verkefnisins er þjóðlaga- og poppmenningarhátíð á Skagaströnd í tilefni af því að 80 ár eru liðin frá fæðingu Nóbelsverðlaunahafans Bob Dylan. Tímamótanna verður minnst á hátíðinni m.a. með ljóðalestri og tónleikum.

María Eymundsdóttir - Ræktun á burnirót á Íslandi - 830.000 kr.

Markmið verkefnisins er að skoða hvernig er best að rækta burnirót, bæði hvað varðar hvaða aðferð er best varðandi forræktun plöntunnar og eins til að fá sem mestan vöxt í rótina. Rótin er sá hluti plöntunnar sem er nýttur í hin ýmsu fæðubótarefni og er oft kallað ginseng norðursins.

Menningarfélag Gránu - Viðburðaröð Menningarfélags Gránu - 800.000 kr.

Markmið verkefnisins er að skapa nýjan vettvang fyrir menningarstarf á Sauðárkróki og auka fjölbreytni, sköpun og frumkvæði í menningarlífi á Norðurlandi vestra með fjölbreyttum menningar- og listaviðburðum í Gránu á Sauðárkróki, einkum utan háannartíma ferðapjónustunnar. Viðburðunum er ætlað að skapa vettvang fyrir listafólk á svæðinu, miðla sögu svæðisins, auðga menningarflóru og auðvelda aðgengi alls almennings að metnaðarfullri menningarstarfsemi á Norðurlandi vestra.

Menningarfélagið Spákonuurfur ses - Stofn- og rekstrarstyrkur - 2.200.000 kr.

Markmiðið er að halda áfram sýningarhaldi, viðhalda sagnaafinnum, starfrækja upplifunarferðamennsku og taka þátt í uppbyggingu ferðaiðnaðar á svæðinu. Einnig að efla aðra menningarstarfsemi sem Menningarfélagið Spákonuurfur stendur fyrir.

Nes listamiðstöð ehf - Stofn- og rekstrarstyrkur - 1.100.000 kr.

Nes listamiðstöð var stofnuð í maí 2008 með það að markmiði að taka á móti listamönnum hvaðanæva að úr heiminum og gefa þeim tækifæri á að sinna listsköpun á Norðurlandi vestra. Fyrstu gestirnir komu í júní það ár en frá þeim tíma til loka árs 2020 hefur verið tekið á móti 1049 listamönnum sem hafa dvalið samtals 1.499 "gistimánuði". Markmið verkefnisins er að tryggja að rekstur Nes listamiðstöðvar nái jafnvægi á árinu 2021.

Nes listamiðstöð ehf - Light Up 2022 - 1.500.000 kr.

A creative intervention by selected artists working with light to be a part of our normal winter residency program to brighten our winter days in early 2022 by illuminating various locations around the town of Skagaströnd.



Pure Natura ehf - Fullnýting í sauðfjárrækt - 1.400.000 kr.

Verkefnið miðar að því að þróa, framleiða og markaðssetja frekari vörur sem unnar eru úr hliðarafurðum sem falla til við dillkaslátrun á haustin. Þróuð og markaðsett verður tólg á nýjan hátt auk þess sem lifur og hjörtu verða nýtt í sérstaka tegund af heilsu-jerky sem ekki hefur áður verið framleidd hér á landi.

Selasetur Íslands ehf - Stofn- og rekstrarstyrkur - 2.000.000 kr.

Selasetur Íslands mun nýta þennan mikilvæga styrk í að styðja við sérstöðu sína. Markmiðið er einnig að auka og bæta fræðslu, markaðssetningu og efla samstarf við aðra þjónustuaðila á Norðurlandi vestra sem og á landsvísu.

Sigrún Helga Indriðadóttir - Úr dokku í djásn - geitafiða og sauðaband - 1.850.000 kr.

Verkefnið "Úr dokku í djásn" styður við nýsköpun í textílframleiðslu, menningu og sögu, og hvetur til nýtingar eigin hráefnis og aukinnar verðmætasköpunar.

Skagfirskar þrjónauppskriftir úr geitafiðu og sauðabandi beint frá býli, Stórhól, þar sem ræktun hráefnis, hönnun uppskrifta, markaðssetning og sala er í sömu höndum. Þarna sameinast, nýsköpun, fullvinnsla og nýting afurða úr héraði og varðveisla mennigararfs. Að skapa sér sérstöðu úr búsmalanum og afurðum hans.

Sigurjón Þórðarson - Sjálfvirk seyrumæling í rotþróm - 815.000 kr.

Verkefnið felur í sér að þróa búnað sem metur hvenær þörf er á að tæma rotþrær og bæta virkni þeirra. Ákvörðun á tíðni á tæmingu á rotþróm, er fyrst og fremst út frá erlendum viðmiðum en ekki hefur farið fram neitt mat á Íslandi að því sem best er vitað, hvað sé hæfileg tíðni losunar út frá nýtingu sumarhúsa/ fjölda íbúa eða þá tækjabúnaði sem mælir hvenær þörf er á losun.

Sjávarlíftækniþrið BioPol ehf - Fræðslumyndbönd - úrbeining og sögun - 1.058.220 kr.

Fræðslumyndband um úrbeiningu, hlutun og sögun. Verkefnið er viðbót við námskeiðin sem haldin hafa verið í Vörusmiðjunni. Fræðslumyndband þetta á að auka færni og þekkingu smáframleiðenda á að vinna sitt hráefni.

Sjávarlíftækniþrið BioPol ehf - Model for developing omega 3-oil prod. - 1.104.500 kr.

The main goal of this project is to develop a model that will help predict the costs of starting up a production of omega-3 oils from the marine microorganisms Thraustochytrids, which will be based in Skagaströnd. This model is essential in order to determine both the optimal design and size of the production to ensure and maximise its profitability.

Sjávarlíftækniþrið BioPol ehf - Red algae as ingredients in solid skin care - 3.365.000 kr.

Utilizing 6 northern Icelandic red seaweed and microalgal species from our indoor culture collection, it is planned to induce the accumulation of sulfated polysaccharides (SPS) by exposure of the algae to different temperatures, salinities, light intensities and photo periods, and to extract, screen, analyze and utilize selected SPS extracts as ingredient in solid skin care products, developing thereby an own Icelandic environmental friendly skin care brand manufactured at BioPol ehf.

Skagfirski kammerkórinn - Bráðum kemur betri tíð - 400.000 kr.

Tilgangur verkefnisins er að bjóða fólki á svæðinu upp á fjölbreytta skemmtun og afþreyingu á völdum tímum ársins. Verkefnið felst í því að bjóða upp á kórtónleika nokkrum sinnum á ári. Kórinn leggur áherslu á að syngja tónlist án undirleiks, oft lög eða tónverk sem teljast til óhefðbundnari kórtónlistar, bæði eldri og yngri tónsmíðar. Verkefnið snýst fyrst og fremst um að gefa fólki kost á að taka þátt í



gefandi og krefjandi kórstarfi auk þess sem íbúar svæðisins fá tækifæri til að hlýða á og kynnast fjölbreyttri og skemmtilegri kórtónlist.

Skotta ehf - Hágæða þáttaröð fyrir alþjóðlegt sjónvarp - 2.793.750 kr.

Verkefnið snýst um að skapa reynslu, þekkingu og orðspor hjá Skottu ehf. og samstarfsaðilum á Norðurlandi vestra til að framleiða leikstýrðar sjónvarpsþáttaraðir fyrir alþjóðlegt sjónvarp er byggir á sérstöðu og menningu svæðisins. Þetta verði gert með því að framleiða slíka þætti fyrir RÚV ohf. sem síðan eru boðnir til dreifingar til annarra sjónvarpsstöðva í gegnum samstarfsnet RÚV á Norðurlöndunum.

Stefanía Hjördís Leifsdóttir - Geita- og sauðaostrar - vöruþróun og markaðssetning - 2.650.000 kr.

Nýsköpun í framleiðslu geita- og sauðaostra í matarsmiðju á Brúnastöðum í Fljótum. Vinna við hönnun osta og fleiri mjólkurafurða sem lítil hefð er fyrir hér á land og markaðsetningu á þeim.

Stóragerði ehf - Stofn- og rekstrarstyrkur - 2.200.000 kr.

Markmið verkefnisins er að efla og styrkja rekstur Samgöngusafnsins í Stóragerði sem ferðamannastað í Skagafirði. Það verður gert með því að bæta þjónustuna við þá ferðamenn sem heimsækja staðinn og útbúið verður App fyrir safnið þar sem hægt verður að skoða og fræðast meira um bílana. Þá er ætlunin að útbúa Qr kóða fyrir alla bílana/tækin sem eru inni á safninu.

Sveitarfélagið Skagafjörður - Matarkistan Skagafj. - stefnumótun og fl. - 2.442.200 kr.

Markmið verkefnisins er að vinna stefnumótun og allsherjar markaðsátak fyrir Matarkistuna Skagafjörð. Matarkistan Skagafjörður var stofnuð árið 2004 og var upphaflega samstarfsverkefni matvælaframleiðenda í Skagafirði, smáframleiðenda (bænda), ferðaþjónustuaðila, verslana, veitingahúsa, Háskólans á Hólum og Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Nú er þörf á að efla Matarkistuna svo um munar en töluverð værd hefur verið yfir Matarkistunni sökum stefnuleysis og skorts á fjármagni.

Sýndarveruleiki ehf - Stofn- og rekstrarstyrkur - 2.200.000 kr.

Sýningin 1238 - Baráttan um Ísland er áhrifarík sögu- og upplifunarsýning sem færir gesti nær sögulegum stóratburðum með hjálp nýjustu tækni í miðlun og sýndarveruleika. Sýningin sviðsetur frægustu atburði Sturlungaraldarinnar, afdrifaríkasta tímabils Íslandssögunnar þar sem ættar- og höfðingjaveldi börðust í allsherjar borgarastyrjöld sem lauk með því að Íslendingar glötuðu sjálfstæði sínu. Með hjálp sýndarveruleikatekni geta gestir upplifað og tekið þátt í Örlygsstaðabardaga.

Sýndarveruleiki ehf - Stafræn Sturlungaslóð í Skagafirði - 3.000.000 kr.

Verkefnið Stafræn Sturlungaslóð í Skagafirði er nýsköpunar- og tækniþróunarverkefni á sviði menningarmála. Markmið þess er að útfæra og þróa fullgagnvirkan heim viðbótarveruleika fyrir marga samtímanotendur með útvíkkun á sögusýningunni 1238 Baráttan um Ísland, frá notkun, sem bundin er við húsnaði og staðsetningu, í notkun utanhúss á raunverulegum staðsetningum mikilvægra söguviðburða. Þannig færir það notendum nær þeim sögulegu atburðum sem áttu sér stað í Skagafirði á þessum tíma.

Sögufélag Skagfirðinga - Byggðasaga Skagafjarðar - 2.100.000 kr.

Markmið verkefnisins er ritun Byggðasögu Skagafjarðar sem hefur það að markmiði að varðveita sögu byggðar í Skagafirði svo langt sem heimildir ná. Víðtækar fornleifarannsóknir á vegum verkefnisins bæta við þekkingu þar sem ritaðar heimildir þrýtur. Nálgun sem þessi er einstök og hefur nú þegar vakið athygli almennings og fræðimanna.



Sögusetur íslenska hestsins ses - Stofn- og rekstrarstyrkur - 1.500.000 kr.

Sett verður í öndvegi 2021 gagnsókn vegna þess er tapaðist í ár af tækifærum v/ Covid til áframhaldandi uppbyggingar SÍH með því að leita áfram samstarfs við aðila í ferðaþjónustu, einkum þó menningartengdri, efla heimsóknir hópa m.a. af skemmtiferðaskipum og skólaheimsóknir. Endurgerð heimasíðu, auk styrkingar á og aukin áhersla á rafræna miðlun grunnsýninga setursins.

Fræðastarf verður áfram eitt megininntak starfsemi SÍH; samantekt fræðiritis um íslenska hestinn, fræðilegt samstarf og ráðgjöf.

Sögusetur íslenska hestsins ses - Íslenski hesturinn - Þjóðarhesturinn - 500.000 kr.

Verkefnið felst í samningu fræðiritis um íslenska hestinn en hann hefur mikla sérstöðu á heimsvísu og á einstaka sögu í landinu. Hefur hann varðveist hreinræktaður allt frá landnámi og með fágætum hætti verið fundið nýtt hlutverk í gerbreyttum heimi. Fjallað verður um uppruna kynsins, einkenni og eiginleika þess, sögu þess með þjóðinni og ræktun stofnsins. Jafnframt sem þróun hestamennsku á íslenskum hestum og skyldum atriðum, s.s. meðhöndlun hestsins, þróun reiðtygja o.fl.þ.h. verður gerð skil.

Unglist í Húnaþingi - Eldur í Húnaþingi 2021 - 750.000 kr.

Eldur í Húnaþingi stuðlar fyrst og fremst að samfélagslegri þátttöku en markmið hátíðarinnar er að vera staður og stund fyrir bæði heimafólk og aðkomufólk til að sjá og taka þátt í því sem Húnaþing vestra hefur upp á að bjóða, t.d. á sviðum lista, menningar og íþróttu. Við viljum að íbúar Hvammstanga séu stoltir af hátíðinni og að hún fái utanaðkomandi einstaklinga til að líta á Hvammstanga sem búsetukost.

Ungmennafélagið Grettir - Popp- og rokkkór Húnaþings vestra - 450.000 kr.

Efling kórstarfs með áherslu á popp og rokklög. Starfsemi kórsins hófst í byrjun árs 2020 en hefur eins og öll önnur menningarstarfsemi þurft að lúta í lægra haldi fyrir covid. Engu að síður hafa verið lögð drög að tónleikadagskrá sem ætlunin er að vinna að á komandi ári í stað þess nýliðna. Hafa 14 lög verið útsett og bíða þess að æfingar hefjist.

Ungmennasamband Austur-Húnavetninga - Húnavökurit 2021 - 450.000 kr.

Markmiðið með útgáfu Húnavökuritsins er að halda úti menningar- og upplýsingariti um Austur Húnavatnssýslu að fornu og nýju. Þannig varðveitist sagan og henni er miðlað til fólks, bæði innan héraðs og utan.

Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga - Húni 42. árgangur - 400.000 kr.

Húni 42. árgangur kemur út á árinu 2021. Í ritinu er ýmis fróðleikur úr héraði svo sem; viðtöl, frásagnir, greinar og ljóð, auk fréttapistla úr sveitarfélaginu, minningargreina um látna og ýmiss annars efnis.

Vatnsnes mengi og stök ehf - Skrúðvangur og týnda eldhúsið - 619.003 kr.

Markmiðið er að rækta í Skrúðvangi og selja þar lífvænt ræktuð jarðarber, grænmeti og kryddjurtir ásamt vörum úr þessu hráefni sem og að starfrækja veisluþjónustu Týnda eldhússins að því marki að hægt verði að skapa launaða atvinnu fyrir tvo allt árið.

Vatnsnes Yarn ehf - Gerð kennsluefnis og útflutningur nýrrar vöru - 879.000 kr.

Markmiðið er að kynna vörur framleiddar undir merkjum Vatnsnes Yarn á erlendum markaði, sem og að búa til kennslumyndbönd sem tengjast þróun, á íslensku, í þeim tilgangi að styðja við vörumerkið og auka umferð í vefverslun og almenna vitund markhóps um vöruna.



Verslunarminjasafn á Hvammstanga ses - Stofn- og rekstrarstyrkur - 500.000 kr.

Verslunarminjasafnið Bardúsa á Hvammstanga varðveitir og sýnir gamla sögu og muni verslunarháttanna í Húnaþingi vestra. Aðgangur á safnið er án endurgjalds og er safnið ekki rekið í gróðaskyni heldur til þess að varðveita merkilegu sögu þessa svæðis. Verslunarminjasafnið var stofnað árið 1996 og hefur ætíð haft hluta tekna sinna af umboðssölu á handverki frá handverks- og listafólki í héraði.

Viðburðaríkt ehf - Tónlistarhátíðin Drangey Music Festival - 1.000.000 kr.

Tónlistarhátíðinni Drangey (Drangey Music Festival) er ætlað að skipa sér í fremstu röð tónlistarhátíða héraðsins. Þar sameinast fagleg skipulagning, góð tónlist og glæsileg umgjörð og ætlunin er að úr verði eftirminnileg upplifun. Um leið er hátíðinni ætlað að efla tónlistarlíf á Norðurlandi, draga ferðafólk á svæðið og skapa vettvang fyrir ungt tónlistarfólk á Norðurlandi.

Vilko ehf - Markaðssókn - 680.000 kr.

Markmið verkefnis er að fara í markaðsherferð með vörur og vörumerki. Nánar tiltekið nýja Vilko vöru (amerískar pönnukökur) og Flóru vörumerkið sem keypt var árið 2018.